

*B. Frjáls trygging (frh.).*

	Áhættu- flokkur	Vikugjald fyrir mann
Sjóferðalög með vélbátum (yfir 12 lestir) .....	9.	200 aurar
Skipsströnd (björgunarstörf) .....	11.	600 —
Skrifstofustörf .....	1.	15 —
Skurðgröftur .....	3.	40 —
Trésmíðar .....	3.	40 —
Vegghleðsla .....	3.	40 —
Verzlunarstörf (innanbúðar) .....	1.	15 —
Þjónustustörf, sjá innanhússtörf.		

42

1. marz

Stytztí tryggingartími í frjálsri tryggingu er ein vika.

Þegar um tryggingu starfsmanna við önnur störf eða starfsgreinar er að ræða en að framan eru talin, heimilast Tryggingarstofnuninni að ákveða í hvaða áhættuflokk þau störf eða starfsgreinar skuli falla.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt II. kafla laga nr. 26, 1. febrúar 1936, um alþýðutryggingar, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysatryggingar, útgefin 28. desember 1931.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. marz 1937.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

**REGLUGERÐ**

43

**um barnapróf.**

17. marz

**1. gr.**

Prófskyld eru öll börn, sem verða 8 ára á árinu og þar til þau hafa staðizt fullnaðarpróf (sbr. þó 12. gr.). Undanþágu má eigi veita frá prófi, nema sakir sjúkleika, sem sannaður er með vottorði læknis, eða af öðrum knýjandi ástæðum, sem skólastjóri (kennari) tekur gildar.

**2. gr.**

Próf skal halda að vorinu í lok námstíma 10—14 ára barna og þó ekki fyrr en 1. apríl. Landspróf eru undanþegin þessu ákvæði.

**3. gr.**

Komi prófskyld barn ekki til prófs án gildra forfalla, skal sækja það til prófs eða prófa það á heimili þess á kostnað forráðamanns (heimilisföður). Sé um mótþróa að ræða, er heimilt að leita aðstoðar lögreglustjóra og beita dagsektum, 2—5 kr., eftir úrskurði valdsmanns.

**4. gr.**

Kunnátta 10 ára barna skal sérstaklega athuguð í lestri, skrift og reikningi. Sé ástæða til þess að ætla, að barn verði ekki læst 10 ára, skal skólanefnd í samráði við skólastjóra (kennara) annast um, að úr því verði bætt með sérstakri fræðslu.

43

17. marz

5. gr.  
 Á ársprófi er eigi skylt að prófa í öðrum greinum en íslenzku, skrift og reikningi. Í öðrum greinum getur fræðslumálastjórnin veitt leyfi til, að í stað prófa verði lagðar fram vinnubækur og verklegar úrlausnir barnanna yfir veturinn. Skal skólastjóri (kennari) þá athuga þær og senda skólanefnd og forráðamanni barnsins skriflegt álit sitt um árangur námsins.

## 6. gr.

Fullnaðarpróf skulu börn að jafnaði taka á því ári, sem þau verða fullra 14 ára. Nú stentz barn, sem er 14 ára, ekki próf, og er það þá skólaskyldt og prófskyldt næsta ár í íslenzku, reikningi og þeim greinum öðrum, er því var ábótavant í.

Skólanefnd getur, að fengnum meðmælum skólastjóra (kennara), veitt yngri börnum en 14 ára heimild til að taka fullnaðarpróf, þegar tryggt er, að barnið njóti framhaldsfræðslu til fulls 14 ára aldurs, enda hafi barnið hlotið góða fyrstu einkunn (8) í móðurmáli og reikningi. Fræðslumálastjórnin lætur skólanefnd í té eyðublöð fyrir umsóknir þessar.

## 7. gr.

Próf skulu vera skrifleg í þeim námsgreinum, sem því verður við komið.

## 8. gr.

Einkunnir skulu gefnar með tölunum frá 0 til 10 með einum tugastaf. Einkunnir í móðurmáli, skrift og reikningi skulu gefnar eftir getu án tillits til aldurs.

## 9. gr.

Til þess að standast fullnaðarpróf þarf meðaleinkunnina 4, en þó eigi lægri einkunn en 5 í þessum greinum: Íslenzku, skrift og reikningi. Þriðja einkunn telst frá 4 upp að 5; önnur einkunn 5 og upp að 7; fyrsta einkunn 7 og upp að 9; ágætiseinkunn 9 og upp í 10.

## 10. gr.

Lágmarkskröfur við fullnaðarpróf eru þessar:  
 Hvert barn skal:

1. geta lesið móðurmálið skýrt, hljóðvillulaust og áheyrilega og sagt munnlega frá því, er það les. Kunna skal það utanbókar nokkur íslenzk kvæði og greina höfunda þeirra, einkum ættjarðarljóð og söngljóð, og geta skýrt rétt frá efni þeirra með eigin orðum.
2. geta gert skriflega, nokkurnveginn ritvillu- og mállýtalaust, grein fyrir því efni, er það þekkir vel.
3. geta skrifað læsilega og hreinlega rithönd.
4. hafa lesið með leiðsögn og skýringum valda kafla úr biblíunni eða biblíusögur, sérstaklega um líf og kenningar Krists. Skal lögð áherzla á, að það hugfesti einkum orð hans og hafi þau rétt eftir. Kunna skal barnið utanbókar nokkra valda sálma.
5. kunna fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og höfuðatriði almennra brota, tugabrota og prósentureiknings og vera leikið í að beita þessari kunnáttu til úrlausnar auðveldum dæmum, sem fyrir koma í daglegu lífi, meðal annars til að reikna flatarmál og rúmmál einfaldra huta. Það skal og vera leikið í að reikna með lágum tölum í huganum.
6. vita nokkuð um merkustu menn þjóðar vorrar að fornu og nýju og um höfuðdrætti í sögu þjóðarinnar.
7. vera leikið í að nota landabréf og hafa fengið sem ljósasta þekkingu á átt-högum sínum, náttúru Íslands, högum þjóðar vorrar og þjóðskipulagi. Það

skal og bera skyn á legu og atvinnuvegi helztu landa í Evrópu, vita hvernig álfur og höf liggja á hnettinum og hafa fengið nokkra fræðslu um eðlishætti jarðar og stöðu hennar í sólkerfinu. 43  
17. marz

8. hafa vanizt á að athuga algengustu fyrirbrigði náttúrunnar, sem það hefir fyrir augum, svo að það geti lýst þeim, það skal vita um helztu atriði, er að hollustuháttum lúta, meðal annars um áhrif heilsuspillandi nautnameðala, t. d. vinanda og tóbaks, og hafa nokkra þekkingu á byggingu og störfum mannlægs líkama. Ennfremur skal það þekkja nokkrar íslenskar jurtir og geta skýrt frá lifnaðarháttum og einkennum helztu dýra, einkum innlendra.
  9. kunna nokkur einföld sönglög, einkum sálmalög og lög við íslensk ættjarðarljóð.
  10. geta gert einfaldar dráttmyndir.
  11. hafa fengið nokkra tilsögn í handiðju og
  12. hafa stundað leikfimi, a. m. k. þá leikfimi, sem hægt er að stunda áhaldalítið og án sérstaks húsnæðis.
- Við fullnaðarpróf er skylt að gefa einkunnir í öllum framantöldum námsgreinum, nema söng og leikfimi.

#### 11. gr.

Prófdómarar skulu vera við fullnaðarpróf og landspróf. Þeir eru skipaðir af skólanefnd og skulu fá sömu laun og stundakennarar við hliðstæða skóla.

#### 12. gr.

Vanþroska börnum, 14 ára eða eldri, má veita burtfararpróf og undanþágu frá frekari skólaskyldu, ef þau hafa að dómi skólastjóra (kennara), læknis og prófdómara fengið þá fræðslu, sem þau virðast hafa hæfileika til að tileinka sér. Gefa skal þessum börnum burtfararprófskirteini, undirritað af skólastjóra (kennara) og prófdómara.

#### 13. gr.

Börn, sem ljúka fullnaðarprófi, skulu fá skirteini um kunnáttu sína og þroska, undirritað af skólastjóra (eða kennara) og prófdómara.

Skirteini um fullnaðarpróf má þó ekki afhenda þeim börnum, sem fá aldursleyfi (sbr. 6. gr.) fyrr en full vissa er fengin um framhaldsnám.

#### 14. gr.

Kostnaður við barnapróf greiðist úr bæjar- eða sveitarsjóði.

#### 15. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 94 1936 um fræðslu barna og öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi öll ákvæði, sem fara í bága við hana.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. marz 1937.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Gústav A. Jónasson.*